

Lýðháskólinn á Flateyri

- Stuðningur við væntanlega nemendur



Með þessu bréfi er Hafnarfirði boðið að gerast bakhjarl Lýðháskólans á Flateyri og verða þannig lykilafli í því að skólinn verði að veruleika.

Með því að gerast bakhjarl býðst Hafnarfirði að kosta einn af þeim 16 nemendum sem ætlað er að stundi nám við skólann skólaárið 2018-2019 og býðst Hafnarfirði um leið að auglýsa skólaplássið laust til umsóknar og koma að skilyrðum fyrir umsóknum og vali á nemanda. Skólaplássið mætti auglýsa fyrir unga Hafnfirðinga sem fallið hafa úr skóla, ungt fólk í langtíma atvinnuleit eða í starfsendurhæfingu, já eða ungt fólk sem vill breyta til og nýja reynslu (sjá nánari upplýsingar um í hvað kostun felst í meðfylgjandi kynningarefni).

Með stofnun Lýðháskóla á Flateyri verður boðið upp á nám sem byggir á styrkleikum Flateyrar og sérstöðu byggðarlagsins og nærsveita. Markmiðið er að skapa nýjan og nánast óþekktan valkost í íslensku menntakerfi og skapa mikilvæga viðbót við mannlíf og möguleika á Flateyri og í nærsveitum.

Lýðháskóli svarar ríkri kröfu um aukna valkosti í menntun. Byggt verður á hugmyndafræði Lýðháskóla með áherslu á mannrækt, listsköpun, sjálfbærni, þjálfun og persónuleg gildi menntunar sem slíkrar, án prófa eða eininga. Og ríkri þátttöku í samfélagi. Í samspili náms og starfsþjálfunar fá nemendur fá tækifæri til að skilgreina sín persónulegu markmið, prófa sig í mismunandi fagþekkingu og styrkja félags- og samskiptafærni sína.

Stofnun Lýðháskóla á Flateyri er í undirbúningsfasa og hefur þróunar- og grunnvinna þegar farið fram með skilgreiningu á námsframboði, innihaldi námsleiða, greiningu á þörfum á innviðum og lýsingu á markmiðum og starfsaðferðum skólans.

Opnað verður fyrir umsóknir 15. apríl og um leið fer í gang markaðs- og kynningarherferð fyrir skólann. Unnið er að því að tryggja fjármögnun fyrir þann tíma og hefur verulegur hluti af því fjármagni sem til þarf þegar verið tryggður. Enn vantar nokkuð upp á og því er leitað til Hafnarfjarðar með þetta erindi.

Með vegsemd og virðingu,

Helena Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri félags um stofnun Lýðháskóla á Flateyri

helenajons@gmail.com

s. 661 7808

